



Dagsetning: 11. janúar 2024
Málsnúmer: 1812054/1.0

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

um uppfærslu jafnlaunahandbókar, endurskoðun á verklagsreglum og skýringum á jafnlaunakerfi sveitarfélagsins

Við endurskoðun á jafnlaunakerfi sveitarfélagsins hafa verklagsreglur verið endurskoðaðar og einfaldaðar til samræmis við þá reynslu sem fengist hefur af starfrækslu jafnlaunakerfa stofnana.

Verklagsreglur eru eftir uppfærslu einfaldaðar til muna og handbókin hefur það hlutverk að halda utanum verklagsreglur og lýsingu á jafnlaunakerfi, kjaraumhverfis, verklags og starfrækslu kerfisins. Endurskoðun miðar að því að gera kerfið einfaldara og auðlæsara fyrir notendur þess en handbókin inniheldur 8 verklagsreglur ásamt lýsingu á umfangi, auðlindum, hæfni og eftirliti með starfrækslu þess. Handbók kerfisins er nú um níu síður en voru 28 áður. Búið er að lagfæra ósamræmi sem var í uppbyggingu kerfisins og hluti þess var að jafnlaunastefnan var endurnýjuð.

Þá er gert ráð fyrir aðkomu sérfræðinga að starfrækslu kerfisins, gerð innri úttekta, framkvæmd launagreininga, aðstoð við úrlausn athugasemda vottunaraðila og fræðslu til hlutaðeigandi aðila. Reynslan af rekstri kerfisins hefur leitt í ljós að ákveðnir þættir í rekstri þess eru betur faldir aðilum sem hafa sérhæft sig í þessum þáttum og kerfið fær nauðsynlegt viðhald og endurnýjun sem hefur skort á frá innleiðingu þess.

Lagt er til að verklagsreglur sem fram eru lagðar séu staðfestar.

Gunnar Jónsson

Bæjarritari

